



Þegar á reynir:

Hamfaravitund og viðbúnaður íslensks almennings

Samantekt

Varða lét framkvæma Gallup-könnun í október og nóvember 2025 á vitund almennings á Íslandi um hamfarir og viðbúnaði við þeim. Þetta er fyrsta ítarlega könnun sinnar tegundar á Íslandi og byggir á Special Eurobarometer 547 um sama efni. Við túlkun á niðurstöðum þessara tveggja kannana ber að hafa í huga að rúmt eitt og hálft ár leið á milli evrópsku og íslensku könnunarinnar.

Jarðvegurinn er frjór. Á Íslandi er traust til viðbragðsaðila og stjórnvalda til að bregðast rétt við hamförum eða neyðarástandi afar hátt (94,6%) og langflestir telja undirbúning hjálpa þegar á reynir (81,4%). Þá er einfaldur búnaður víða til staðar.

En viðbúnaðurinn veikist hratt þar sem hann krefst meiri fyrirhyggju. Aðeins 37,1% telja sig undirbúin fyrir hamfarir eða neyð í heimabyggð. Nægjanlegar birgðir af mat og vatni eru samkvæmt svörum langt undir EU27 meðaltali og þess sem er á Norðurlöndunum. Viðbúnaður sem krefst skipulags eða undirbúnings eins og samskiptaleiðir í neyð, þekkingu á viðbragðsáætlunum eða samráð við nágranna skortir að miklu leyti. Nærsamfélagið kemur lítið við sögu bæði sem stoðnet og upplýsingagátt; boðleiðir eru fáar og óburðugar.

Fjórar tillögur leiða af greiningunni:

- 1. Reglubundnar mælingar svo samanburður fái.** Mælingar ættu að vera reglubundnar með sambærilegum spurningum milli ára, svo unnt sé að rekja árangur aðgerða.
- 2. Setja skýr sjö daga viðmið um lágmarks viðbúnað.** Gögnin benda til að almenningur sé samþykktur undirbúningi, en finnst óljóst hvað teljist nægilegt og hvar eigi að byrja. Þörf er á einföldum, opinberum viðmiðum sem auðvelt er að vinna eftir.
- 3. Virkja nærsamfélagið og efla samheldni.** Vinnustaðir, skólar, félagasamtök og nágrannar gegna of litlu hlutverki og ættu að gegna stærra hlutverki með reglulegri fræðslu, samráði og æfingum.
- 4. Styrkja vitund og viðbúnað.** Veikleikarnir birtast þar sem reynir á venju og endurtekningu. Viðbúnaður á að vera hluti af daglegu lífi í skólum, á vinnustöðum og heimilum, en ekki aðeins neyðarviðbrögð við einstökum atburðum.